

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney Þinganes Hornafjörður



Dags eftirlits	28.10.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Eftirlitsmaður	Leifur Þorkelsson
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Ásgeirsson	Staðsetning	684193,364 421481,264

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitsferðinni þar sem æfing á notkun flotgirðingar hafði ekki farið fram. Gerð var athugasemd við að eftirlitsaðila var ekki tilkynnt um gangsetningu eftir nærri 6 mánaða stopp.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson

Farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu sem unnin var í kjölfar eftirlitsferðar þann 25. ágúst 2015 en þá komu hvorki fram frávik né athugasemdir við starfsemina

Verksmiðjustóri gerði grein fyrir helstu breytingum sem orðið hafa á verksmiðjunni og tækjabúnaði hennar að undanförmu. Þremur nýjum þurrkurum hefur verið skipt út í stað fjögurra eldri sem teknir hafa verið úr notkun. Nýjum forsjóðara var bætt við þann sem fyrir var og bætt hefur verið við nýrri suðulínu (sjóðara og pressu). Í kjölfar þessara breytinga hafa afköst verksmiðjunnar aukist, án þess þó að fara yfir starfsleyfismörk sem eru 900 tonn á sólarhring. Einnig er glatvarmi nú mun betur nýttur en áður.

Framundan eru framkvæmdir á borð við lengingu á frárennislögnum frá verksmiðjunni, stækkun á fitugildru í löndunarhúsi og endurnýjun á hráefnismóttöku fyrir bein. Þessu til viðbótar er stefnt að því að hækka vegg í lekavarnarþró og auka þar með rúmtak hennar þannig að eftir stækkun rúmi þróin 100% af rými stærsta lýsisgeymis.

Engin mengunaróhöpp höfðu orðið í verksmiðjunni á árinu og engar kvartanir höfðu borist vegna starfseminnar þegar eftirlit fór fram.

Fram kom að verksmiðjan hafði unnið úr rúmlega 8.000 tonnum af hráefni árinu. Vinna lá niðri í tæpa fimm mánuði frá 9. mars til 6. ágúst. Ekki var tilkynnt um gangsetningu til eftirlitsaðila eins og kveðið er á um í grein 1.5. í starfsleyfi

Mælingar á fitu, COD og svifögnum í fráveituvatni fóru fram á loðnuvertíð í mars sl. Skv. niðurstöðum sem sendar voru til Umhverfisstofnunnar og hafa verið birtar á vef stofnunarinnar er magn mengandi efna í frárennslu undir þeim mörkum sem fram koma í grein 2.18 í starfsleyfi.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2015 hefur verið skilað og þar koma m.a. fram þær skráningar sem gerð er krafa um í grein 3.1 í starfsleyfi. Samhliða grænu bókhaldi skilaði fyrirtækið inn yfirlýsingu þess efnis að fyrirtækið þurfi ekki að skila inn útstreymisbókhaldi þar sem magn mengandi efna frá starfsstöðinni sé undir þeim mörkum sem tiltekin eru í viðauka II við reglugerð 990/2008 um útstreymisbókhald

Fram kom að flotgirðing er til staðar á hafnarsvæðinu en æfing hennar hefur ekki verið æfð eins og gerð er krafa um í grein 2.24 í starfsleyfi

Lekavarnarþró umhverfis lýsisgeyma rúmar nú skv. útreikningum 1.029 m³ sem er um það bil 70% að rýmd stærsta geymis. Áætlanir gera ráð fyrir að þróin verði stækkuð og rúmi eftir stækkun 100% af rýmd geymisins.


Áður en eftirlitsskýrsla var undirrituð var verksmiðjan og athafnasvæði hennar skoðað í fylgd fulltrúa fyrirtækisins. Umhverfi verksmiðjunnar var hreint og snyrtilegt og hvergi ummerki um mengun af neinu tagi sem reka má til starfseminnar

ATHUGASEMDIR

Tilkynna þarf eftirlitsaðila um gangsetningu eftir að verksmiðjan er gangsett eftir meira en mánaðar stopp í samræmi við grein 1.5 í starfsleyfi

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

05.12.2016



Gottskálk Friðgeirsson